

Áveitan

2. tbl. 5. árgangur. Febrúar 2011

Íþróttamaður Flóahrepps 2010

Ákveðið hefur verið að útnefna Íþróttamann Flóahrepps fyrir árið 2010. Sett hefur verið á laggirnar nefnd sem mun velja þann sem skarað hefur framúr í sinni íþrótt árið 2010. Í þeirri nefnd sitja formenn ungmennafélaganna Baldurs, Samhygðar og Vöku ásamt fulltrúa Flóahrepps. Áætlað er að afhenda verðlaunin í byrjun mars og sigurvegarinn fær farandbikar og peningaupphæð að launum. Þeir sem koma til greina sem íþróttamaður ársins verða að hafa skarað framúr í sinni grein á árinu og að hafa lögheimili í Flóahreppi.

Við leitum nú til ykkar sveitungar góðir um að senda okkur tilnefningar á þeim sem ykkur finnst að ætti að vera íþróttamaður ársins. Mikið tillit verður tekið til innsendra tilnefninga og má því segja að það sé í ykkar höndum hver hlýtur kjörið. Svo endilega sendið okkur nokkrar línur á tölvupósti fyrir 20. febrúar um hvern þið viljið kjósa.

Baldur Gauti: ballroq@hotmail.com

Guðmunda: gola_89_15@hotmail.com

Stefán: stegeir@hotmail.com



Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is

Frá sveitarstjóra

Land til leigu

Flóahreppur auglýsir land til leigu í Yrpuholti frá 1. júní til 31. desember 2011. Um er að ræða ca 40 ha lands sem hentar vel til hrossabeitar. Óskað er eftir því að áhugasamir sendi skriflegt tilboð í leiguverð pr/ mánuð ásamt upplýsingum um fyrirhugaða notkun (fjöldi hrossa) á skrifstofu Flóahrepps, Þingborg fyrir 1. mars n.k.

Skoðanakönnun um hitaveitu

Sveitarstjórn ákvað á fundi 5. janúar s.l. að láta gera skoðanakönnun meðal íbúa Flóahrepps um áhuga á hitaveitu í sveitarfélagið þar sem hún er ekki nú þegar til staðar.

Verið er að vinna að forsendum fyrir skoðanakönnunina þannig að hún komi að sem bestu gagni, s.s. áætlaðan kostnað, hvaðan heita vatnið myndi koma, hvernig lagnir myndu liggja ásamt eignarhaldi ofl.

Þessi könnun yrði lögð fyrir íbúa í fyrrum Gaulverjabæjarhreppi og fyrrum Villingaholtshreppi en hitaveita er til staðar í fyrrum Hraungerðishreppi í eigu notenda.

Umsjón og eftirlit með dreifikerfi vatnsveitu Flóahrepps

Samningur um eftirlit og viðhald á vatnsveitu Flóahrepps hefur verið endurnýjaður við þá Stein Þórarinsson og Jón Valgeir Geirsson.

Þeir hafa staðið vaktina með sóma og sinnt viðhaldi og viðgerðum nokkur undanfarin ár.

Vaktsími vatnsveitunnar er 862-6848.

Frá Flóaskóla

Vinna við Olweus áætlun gegn einelti og andfélagslegri hegðun er nú komin vel af stað í skólanum. Hulda deildarstjóri er verkefnisstjóri áætlunarinnar en auk þess hefur stýrihópi verið komið á laggirnar, en hann fylgist með að vinnan við verkefnið fari fram samkvæmt því sem lagt er upp með. Foreldrar mættu vel á almennan kynningarfund um Olwues áætlunina í lok janúar en gott samstarf heimila og skóla er ein af forsendum þess að vel takist til í baráttunni við einelti og erfiða hegðun.

Í skólanum er nýlokið prófadögum og fara viðtöl umsjónarkennara við nemendur og foreldra þeirra fram 2. febrúar. Þessi tímamót eru notuð til þess að fara yfir stöðuna og setja markmið til næstu vikna. Það er gaman að sjá framfarir nemenda og þann metnað sem þeir leggja í vinnu sína.

Skólaráð Flóaskóla hittist þann 17. janúar sl. og er næsti fundur skráður 21. febrúar. Skólaráðið er skipað fulltrúum starfsfólks skólans, fulltrúum foreldra og nemenda og fulltrúa grenndarsamfélags, alls 9 manns. Þau verkefni sem bíða ráðsins nú á vordögum eru m.a. atriði sem snerta undirbúning næsta skólaárs.

Athygli er vakin á því að skóladagatali hefur verið breytt lítillega vegna námsferðar kennara. Starfsdagar sem vera áttu 24. og 25. febrúar hafa verið færðir til 3. og 4. mars, eða um eina viku. Miðvikudagurinn 2. mars verður „uppákomudagur“ í skólanum en þá verður hefðbundin kennsla brotin upp að einhverju leyti. Tilkynningar um þetta verða sendar foreldrum þegar nær dregur.

Um miðjan febrúar er von á dönskum farandkennara í Flóaskóla. Danskur kennarinn ætlar að eyða einni viku við störf hjá okkur, fræða nemendur um Danmörku og danska tungu og koma að kennslu í samstarfi við kennarana okkar. Það er skemmtileg tilbreyting að fá svona gesti í skólann.

Vinir okkar í Krakkaborg halda áfram að koma í skólaheimsóknir til okkar og koma nú tvisvar í mánuði fram á vorið. Heimsóknirnar eru liður í skólaaðlögun elstu nemenda Krakkaborgar og mynda góða tengingu á milli skólastiga.

Nú þegar birtan hefur aukist aftur bæði á morgnana og síðdegis þá býr

„vorfilingurinn“ um sig ☺ Eins og alltaf er þetta annasamur tími í skólanum enda mikið að gera við skipulag nýrra og spennandi verkefna. Undirbúningur nýs skólaárs tekur alltaf mikinn tíma enda viðbúið að ráða þurfi nýtt starfsfólk um leið og tekið er á móti nýjum nemendum. Niðurskurðarhnífurinn er alls staðar á lofti og kreppatal víða ráðandi – þrátt fyrir það horfum við björtum augum til framtíðar og leggjum áherslu á að efla enn frekar gott skólustarf um leið og við sýnum ráðdeild og hagkvæmni í rekstrinum.

Bestu kveðjur úr Flóaskóla.

Kristín Sigurðardóttir skólastjóri.

kristin@floaskoli.is , gsm 663-5720.

Glimufréttir

Glimuæfingar eru nú komnar á fullt eftir jólafrí og hefur æfingasókn aukist nokkuð en þeir sem vilja reyna sig á glímuvellinum eru velkomnir. Æfingar eru á mánudagskvöldum kl. 20 til 21. Börnin í 3. til 4. bekk í Flóaskóla hafa fengið að kynnast glímunni að undanfögnu á sínum miðvikudagsæfingum og hafa þær Guðrún Inga og Hanna Kristín m.a. liðsinn þjálfara.

Glímumót

Hérna kemur listi yfir þau glímumót sem eru framundan.

2.febrúar Hvolsvöllur (HSK) Kl 11:00 Grunnskólamót HSK

26.febrúar Reykholt (HSK) Kl 13:00 Skjaldarglíma Skarphéðins

12.mars Ísafjörður Kl 12:00 Meistaramót Íslands 3. umferð

2.apríl Reyðarfjörður

Grunnskólamót Íslands **kl 10:00**

Íslandsglíman **kl 17:00**

Þjálfari

Fréttir frá Umf. Vöku:

Leiksýning á fjalirnar

Leikdeild Vöku er byrjuð að æfa leiksýningu sem verður frumsýnd í Þjórásarveri í lok febrúar. Sýningin samanstendur af tveimur styttri gamanleikritum sem heita *Amor ber að dyrum* og *Á þriðju hæð*. Leikur og leikstjórn er í höndum félagsmanna og er mikilli skemmtun lofað. Stefnt er að nokkrum sýningum en viðburðurinn verður nánar auglýstur þegar nær dregur. Bíðið spennt!

Leikdeild Umf. Vöku

Úrslit af mótum

Haraldur Einarsson

Reykjavíkurmestaramót, Laugardalshöll 8.1.2011

60 m. hlaup: 1. sæti 7,20 sek
200 m hlaup: 2. sæti 22,93 sek

Reykjavík International games, Laugardalshöll 15.1.2011

400 m. hlaup: 4. sæti 51,88 sek
60 m. hlaup: 16. sæti 7,63 sek

Stórmót ÍR, Laugardalshöll 22.-23.1.2011

200 m. hlaup: 2. sæti 23,15 sek
60 m. hlaup: 2. sæti 7,25 sek
400 m. hlaup: 1. sæti 50,47 sek

Unglingamót HSK inni, Laugardalshöll 9.1.2011

Sveinar 15 ára

Arnar Einarsson	Langstökk	4.	4.59 m
	Kúluvarp	13.	5,63 m
	Hástökk	5.	1.30 m
	60 m grind	2.	12,13 sek
	800 hlaup	7.	2:55 mín
Halldór Bjarnason	60 m hlaup	6.	8,55 sek
	Langstökk	6.	4,29 m
	60 m grind	4.	12,95 sek
	Kúluvarp	12.	6,98 m
	Hástökk	4.	1.35 m
Víkingur F. Erlingsson	60 m hlaup	9.	9,01 sek
	800 m hlaup	6.	2:47 mín
	Langstökk	7.	4,21 m
	Kúluvarp	10.	7.28 m
	60 m grind	8.	14,07 sek
Sveinn O. Einarsson	Hástökk	3.	1.40 m
	60 m hlaup	8.	8.86 sek
	Langstökk	9.	4,12 m
	60 m grind	5.	13,8 sek

	Kúluvarp	5.	8,18 m
	60 m hlaup	11-12.	9,57 sek
	800 m hlaup	5.	2:44 mín.
<i>Ungkarlar 18-22 ára</i>			
Bjarni M. Ólafsson	Hástökk	1.	1,65 m.

Aldursflokkamót HSK, Laugardalshöll 9.1.2011

Piltar 14 ára.

Jón Þór Pálsson	Hástökk	2.	1,45 m.
	Langstökk	5.	3,87 m
	60 m hlaup	3.	9,39 sek
	60 m grind	4.	12.65 sek
	800 m hlaup	4.	3:04 mín
	Kúluvarp	4.	7,14 m.
Jóann P. Smáráson	Hástökk	6.	1,10 m.
	Langstökk	6.	3,09 m.
	60 m hlaup	6.	10,97 sek

Piltar 11 ára

Ýmir Atlason	Hástökk:	7.	1,00 m.
	60 m. hlaup:	4.	10,78 sek
	Langstökk:	3.	3,29 m.
	Kúluvarp:	4.	6,47 m
	800 m. :	5.	3:26 mín

Stúlkur 14 ára

Guðrún Inga Helgadóttir	Hástökk:	3-4.	1,20 m.
	Kúluvarp:	3.	7,67 m.
	60 m. grind.:	3.	13.18 sek.

Héraðsmót HSK inni, Laugardalshöll 12. og 19.1.2011

Bjarni M. Ólafsson	Hástökk	1.	1,75 m.
	Langstökk	1.	5,89 m.
	60 m grind	2.	9,8 sek
	Þristökk	1.	12,38 m.
	Kúluvarp	3.	9 m.
Haraldur Einarsson	60 m hlaup	1.	7,17 sek.
	200 m hlaup	1.	23,03 sek
Tómas K. Guðsteinsson	Langstökk	8.	4,88 m.
Ingunn Harpa Bjarkadóttir	Kúluvarp	5.	7,91 m
Guðmunda Ólafsdóttir	Kúluvarp	7.	6,63 m.
	800 m hlaup	5.	3:03 mín

Fréttir frá Krakkaborg

Kæru sveitungar

Við höfum nýtt ár með því að hafa starfsdag þann 3.janúar þar sem m.a. var farið yfir efnivið leikskólans og deildarfundir haldnir.

Börnin komu aftur í leikskólann eftir jólafrí 4.janúar og þann dag héldum við óvænta brunaæfingu þar sem ljósrofi í rafmagnstöflunni brann yfir. Það skapaðist aldrei nein veruleg hættu en í varúðarskyni var gripið til rýmingaráætlunar. Allt gekk þetta mjög vel og sýndi hversu vel starfsfólk Krakkaborgar þekkir til rétttra viðbragða. Hringt var í 112 og komu fulltrúar frá slökkviliðinu í leikskólann ásamt rafvirkja frá Fosstraf til að meta ástandið og yfirfara rafmagnið í leikskólanum. Elstu börn Tígradeildar sinna eftirlitsskyldu sem brunaverðir einu sinni í mánuði og fá þau að skiptast á í því hlutverki. Þetta finnst þeim skemmtilegt og taka hlutverk sitt mjög alvarlega og fara vel yfir hverju sinni það sem þarf að vera í lagi hjá okkur þessu tengdu. Starfsfólk Krakkaborgar fór síðan yfir svokallaða *Viðbragðs- og rýmingaráætlun* vegna bruna í kjölfar þessa atburðar.

Elstu börnin fara nú tvisvar sinnum í mánuði í skólaheimsóknir í Flóaskóla og hitta þar 1.bekkinga og taka þátt í frímínútum, ýmsum verkefnum og leikjum með þeim. Er þetta liður í samstarfi Krakkaborgar og Flóaskóla.

Porrablótið hjá okkur var haldið 26.janúar með tilheyrandi þorramat og gleði og börnin bjuggu til þjóðlegar kórónur sem þau skörtuðu á blótinu og komu saman og sungu þorralög og höfðu gaman.

Iðunn Ýr Ásgeirsdóttir hefur verið ráðin í starfsmannahópinn og mun hún sinna afleysingum á öllum deildum. Þjóðum við hana velkomna í okkar góða starfsmannahóp. Í febrúar munu svo nokkur ný börn bætast í hópinn hjá okkur.

Gaman er að segja frá því að 6. febrúar verður dagur leikskólans í haldinn hátíðlegur í leikskólum landsins en þennan dag árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara fyrstu samtök sín sem er Félag leikskóla-

kennara í dag. Munum við í Krakkaborg kynna leikskólann okkar í tilefni dagsins og það frábæra starf sem við höfum unnið að á síðustu misserum ásamt því að taka þátt í stuttmyndakeppni um „leikskólann minn.“

Viljum við minna á heimasíðu leikskólans sem er <http://leikskolinn.is/krakkaborg> því þar er margt skondið og skemmtilegt að skoða.

Ekki meira að sinni, Bestu kveðjur,

Karen Viðarsdóttir

Leikskólastjóri

Til sölu

Flatvagn í góðu ásigkomulagi, hentar undir 11 120 cm rúllur. Einnig fjölfætla 5 m breið og rúllugreip hvort tveggja í góðu standi. Á sama stað eru til sölu 50 rúllur af hálm 160 cm, pakkaðar sexfalt. Nánari upplýsingar gefur Stefán í síma 8676907.

Frá Hrossaræktarfélagi Hraungerðishrepps:

Folaldasýning

Folaldasýning Hrossaræktarfélags Hraungerðishrepps verður haldin sunnudaginn 13. febrúar nk. að Halakoti og hefst hún stundvíslega klukkan 13:00. Skráning er hjá Ágústi Inga í síma 899-5494 eða 482-1032. Síðasti skráningardagur er 11. febrúar. Þátttökugjald er 1000 kr. á folald og greiðist það í reiðufé á staðnum.

Að gefnu tilefni eru tilvonandi sýnendur hvattir til að athuga vel heilbrigði folalda sinna vegna hóstapestarinnar sem verið hefur að hrjá hrossastofninn undanfarið og koma þá ekki með folöld til sýningar ef eitthvað er athugavert við þau.

Vonumst til að sjá sem flesta.

Stjórnin

Frá UMF Baldri:

Aðalfundur Umf. Baldurs

Aðalfundur Umf. Baldurs var haldin þann 9. janúar síðastliðinn í Þingborg. Tvær breytingar urðu á stjórn félagsins þetta árið, þeir Einar Magnússon meðstjórnandi og Dagbjartur Ketilsson varamaður. Í stað Einars var kosinn systir hans Elín Magnúsdóttir sem ritari en Guðrún Gísladóttir sem hefur verið ritari gaf ekki kost á sér í þá stöðu áfram, þess í stað var hún kosinn meðstjórnandi. Í stað Dagbjarts sem varamanns kom Ágúst Hjálmarsson inn á nýjan leik eftir árs fjarveru.

Ýmislegt var rætt á fundinum svo sem framtíð hestamannakaffis, Einbúi og ljósmyndasafn, en svo virðist sem að lítið sé til að myndum af starfi félagsins í gegnum tíðina og virðast flestar áður framkomnar myndir vera í einkaeigu, rætt var um að safna saman myndum af starfinu og koma í varanlega geymslu í tölvum og fjölföldun.

Stjórn og nefndir Umf. Baldurs árið 2010:

Stjórn:

Baldur Gauti Tryggvason formaður
Rúnar Hjálmarsson varaformaður
Elín Magnúsdóttir ritari
Svanhvít Hermannsdóttir gjaldkeri
Guðrún Gísladóttir meðstjórnandi

Til vara:

Guðmundur Bjarnason
Ágúst Hjálmarsson

Endurskoðendur:

Hafsteinn Stefánsson
Gísli Hauksson

Skemmtinefnd:

Guðmundur Bjarnason formaður
Birna Almarsdóttir
Sólrún Baldursdóttir
Iðunn Sigurðardóttir
Gunnhildur Gísladóttir
Harpa Almarsdóttir
Jón Gautason

Til vara:

Íris Björk Garðarsdóttir
Hafsteinn Óskar Kjartansson
Margrét Helga Steindórsdóttir

Hjördís Björg Viðjudóttir
Birgitta Kristín Bjarnadóttir
Helga Margrét Höskuldsdóttir

Ræktunarnefnd:

Baldur I. Sveinsson
Skeggi Gunnarsson
Gauti Gunnarsson

Til vara:

Einar Hjálmarsson

Íþróttanefnd:

Rúnar Hjálmarsson formaður
Guðrún Gísladóttir
Harpa Almarsdóttir
Jón Gautason
Gunnhildur Gísladóttir

Til vara:

Iðunn Sigurðardóttir
Guðmundur Bjarnason

Ölsölunefnd:

Einar Magnússon formaður
Brynjar Þór Þormóðsson
Ágúst Hjálmarsson
Ívar Freyr Hafsteinnsson

Ritnefnd

Baldur Gauti Tryggvason *fulltrúi í ritstjórn Áveitunnar*

Til vara:

Einar Magnússon

Dagbjartur Ketilsson

Íþróttamaður ársins hjá Umf. Baldri árið 2010

Í kringum aðalfund Umf. Baldurs er ávallt valinn íþróttamaður ársins hjá félaginu og fyrir valinu varð að þessu sinni Sunna Skeggjadóttir frá Skeggjastöðum. Sunna er fjölhæfur íþróttamaður og sem dæmi um árangur hennar má nefna að í aldursflokkamóti HSK í Laugardalshöll varð hún í 1. sæti í kúluvarpi, kastaði 6,61 m. og í 2. sæti í 800 m. hlaupi sem hún hljóp á 3,11 mín.

Sunna komst á Íslandsmeistaramót 11-14 ára innanhúss og keppti þar fyrir hönd HSK og einnig tók hún þátt í MÍ 11-14 ára utanhúss og þar varð Sunna íslandsmeistari í 4x100 m. boðhlaupi þar sem hennar sveit sigraði með nokkrum yfirburðum á tímanum 61,44 mín. Auk þessa tók Sunna þátt í Þingborgarmótinu 1. maí, aldursflokkamóti HSK í Þorlákshöfn í júní og Flóamótinu í ágúst.

Ljósmyndir af starfi Umf Baldurs

Allir þeir sem eiga í förum sínum ljósmyndir af starfi Umf Baldurs síðustu rúmlega 100 árin og vilja ljá Ungmennafélaginu þær til láns eða eignar, eru beðnir um að koma þeim til stjórnarmanna. Þær myndir sem koma til láns verður skilað þegar búið verður að skanna þær í tölvu til til frekari varðsveislu eða fjölfalda.

Hugmyndin er að koma upp góðu safni af ljósmyndum frá leik og starfi ungmennafélagsins Baldurs í þau rúmu 100 ár sem það hefur verið til. Endilega farið því og gramsið í gömlu myndaalbúnum eða kössum á háaloftinu og vitið hvað þið finnið. Gott er að fá með myndunum hvar hún er tekin, af hvað tilefni og hverjir það séu sem sjáist á myndinni.

Huginn

Við tiltekt í félagsherbergi UMF Baldurs í Þingborg fundust nokkur eintök af hinu merkilega félagsblaði Huginn sem gefið var út af UMF Baldri á árunum 1975-1998 í fjölfölduðu upplagi. Langi einhvern til að eignast blað er honum bent að tala við einhvern í stjórn UMF Baldurs, einnig munu eintök liggja frammi á þeim skemmtunum sem Umf Baldur stendur fyrir á næstunni.

Þorablót

Stjórn og skemmtinefnd Umf Baldurs og skemmtinefnd Sandvíkurhrepps vilja þakka þeim fjölmörgu sem komu og skemmtu sér hið besta á þorablótinu þann 29. janúar síðastliðinn. Einnig eru þakkir til allra þeirra sem lögðu hönd á plóginn svo þorablótið gæti orðið að veruleika.

Minnt er á heimasíðuna <http://umfbaldurhraung.weebly.com> og einnig erum við á Facebook undir nafninu Ungmennafélagið Baldur Hraungerðishrepp. Að lokum er bent á netfangið umfbaldurhraung@gmail.com

Fréttir af aðalfundi Umf. Samhygðar

Aðalfundur Umf. Samhygðar fór fram í Félagslundi 23. janúar. Níu manns sóttu fundinn sem var að vanda skemmtilegur og nauðsynlegur þáttur í ungmennfélagsstarfinu. Á fundinum var bryddað upp á þeirri nýbreytni að hafa til sýnis gamla muni úr fórum félagsins, svo sem fána félagsins, afmælisborða frá 50 ára afmæli Samhygðar, fornan fundahamar og gjallarhorn sem er mörgum hinum eldri félögum ferkst í minni.

Formaður flutti skýrslu sína þar sem drepíð var á því helsta sem Samhygð og Samhygðarfólk tók sér fyrir hendur á árinu 2010. Íþróttastarfið var að vanda blómlegt og voru unnin mörg góð afrek á árinu. Til að mynda átti Samhygð í fyrsta sinn bæði Skjaldarhafa Skarphéðins og Bergþóru auk þess sem Kristinn Þór Kristinsson bætti HSK metin í 800 og 1500 metra hlaupi innanhúss. Samstarf um íþróttæfingar með Vöku og Baldri hélt áfram við góða raun. Af öðrum þáttum í starfi félagsins bar hæst undirritun samstarfssamnings við Flóahrepp ásamt Baldri og Vöku þar sem fjárframlag Flóahrepps til ungmenna og íþróttastarfs er bundið ákveðnum verkefnum. Hugrún gjaldkeri flutti ársreikning félagsins fyrir 2010. Árið reyndist Samhygð gjöfult fjárhagslega og skilaði sér í góðum hagnaði.

Í kaffihléi las Jón M. Ívarsson úr handriti sínu að seinni hluta 100 ára Sögu Samhygðar sem kemur út í næsta Árnesingi. Höfðu fundarmenn af því gaman og mikinn fróðleik um sögu félagsins. Að loknu kaffi var komið að kosningum og er skemmt frá því að segja að stjórnin var endurkosin óbreytt. Skipun hennar og nefnda fylgir hér að neðan.

Fyrsti liður annara mála á aðalfundi er ætið afhending Félagsmálabikars Samhygðar. Að þessu sinni var hann veittur Guðbjörgu Guðmundsdóttur í Vorsabæjarhjáleigu. Umsögn stjórnar sem fylgir úthlutuninni er svohljóðandi.

Guðbjörg hefur verið ötull félagi Samhygð í áratugi og unnið að ýmsum verkefnum félaginu til framdráttar. Þar má nefna t.d. skipulagningu spilakvölda, Landsshreyfingu UMFÍ 1995 og ýmsar fjáraflanir. Guðbjörg hefur sinnt starfi skoðunarmanns reikninga af mikilli trúmennsku í áraðir en lætur nú af störfum.

Stjórn Samhygðar þakkar henni góð störf með þessari úthlutun.

Undir lok fundarins spunnust góðar umræður um starfið og hvaða leiðir væru færar til að efla þátttöku ungmenna í starfinu. Komu fram ýmsar góðar tillögur svo sem að samþætta í auknu mæli ungmennfélagsstarfið skólastarfinu. Fleira var ekki á dagskrá og sleit formaður fundi eftir um það bil þriggja tíma fundarsetu.

Formaður

Stjórn
Meðstjórn
endur
Formaður:

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:

Opið hús

Opið hús verður hjá Þorbjörgu (Obbu) á Birkivöllum 15 föstudagskvöldið 18. febrúar. Munið eftir veitingunum með kaffinu. Ef einhverjar luma á skemmtiefni eða fróðleik af einhverju tagi er upplagt að hafa slíkt meðferðis, í handavinnupokanum. Sjáumst hressar sem flestar.

Almannak Þroskahjálpar

Ég vil vekja athygli á því að ég er með Happdrættisalmanak Þroskahjálpar til sölu. Það er selt á 2000 kr. stykkið, og með því að kaupa það styrkjum við þarft málefni. Ef einhver hefur áhuga á að styrkja þetta góða málefni, getur viðkomandi haft samband við mig og ég mun koma almanakinu til hans.

Með kærri kveðju
Valgerður Gestsdóttir formaður.

Saumanámskeið í Flóaskóla

Kvenfélag Villingaholtshrepps ætlar að halda saumanámskeið nú í febrúar en þess má geta að námskeiðið er öllum opið. Á námskeiðinu læra þátttakendur allt um það hvernig sauma á föt, svo sem sníða, saum saman og ganga frá. Saumuð er flík að eigin vali. Í fyrsta tímanum fá þátttakendur ráðleggingar um val á sniðum og efni. Þátttakendur koma með efni, skæri og annað sem til þarf. Saumavélar eru á staðnum en þátttakendum geta líka komið með sína eigin saumavél.

Tími: 8. 10. 15. og 17. febrúar kl 20-22:30.

Staður: Flóaskóli

Verð: ca. 6 - 8.000kr + efniskostnaður

Fjöldi: Hámark 8 þátttakendur

Kennarar: Iðunn Óskarsdóttir og Kristín Stefánsdóttir

Skráning hjá Margréti í síma 486-3381/868-6705 eða í tölvupósti, margret@bssl.is

Skráningar berist fyrir 6. febrúar.

Prjónakvöld fyrir alla

Nú eru örugglega allar búnar að fytja upp á prjónana eftir hátíðarnar. Væri þá ekki upplagt að koma saman í Þjórsárveri mánudagskvöldið 14. febrúar kl 21 og prjóna saman, skoða prjónablöð og bækur og spjalla.

Allir áhugasamir hjartanlega velkomnir (ekki bundið við kvenfélagskonur).

Aðalfundur kvenfélagsins verður haldinn laugardaginn 19. mars kl. 13.30 í Þjórsárveri.

Venjuleg aðalfundarstörf. Lagabreytingar, lögð fram til atkvæðagreiðslu ný lög kvenfélagsins sem kynnt voru á haustfundi. Breytingatillögur skulu sendast til stjórnar fyrir 10. mars. n.k.

f.h. Stjórnar
Sólveig Þórðardóttir ritari

Lilja Gísladóttir skrifar:

Börn eru næmari en fullorðnir. Þau eiga mun auðveldara með að læra og tileinka sér nýja hluti og siði en þeir eldri. Þegar börn alast upp með dýrum ná þau oft sambandi við heim dýrsins, hugsanagang þess og eðli á ólýsanlegan hátt, einhvernveginn með því að fylgjast með atferli dýrsins og fá tilfinningu fyrir því með gagnkvæmum samskiptum. Þessi hæfileiki ungviðisins dofnar eftir því sem áhuginn fer að snúast um annað en að skilja umhverfið. Sá sem kynnist fyrst dýrum sem fullorðinn nær aldrei sama skilningi á eðli dýrsins og sá sem ólst upp með þeim.

Fyrir fjörutíu árum þegar ég og bróðir minn, sem er einu og hálfu ári yngri en ég, vorum lítil og vorum í heimsókn hjá frændfólki í Syðri Gróf fór Halla með okkur út í fjárhús til að sýna okkur litla kettlinga sem voru þar undir garða. Hún teigði handlegginn eins langt og hún náði undir garðann og veiddi kettling sem hún lét bróðir minn hafa og svo veiddi hún annan handa mér. Við tókum strax ástfóstri við kettlingana og leikar fóru svo að við höfðum þá með okkur heim. Ekki urðu foreldrar okkar ánægðir að sjá nýju fjölskyldumeðlimina og skildum við ekkert í því. Þetta reyndust vera tvær læður, sem þegar fram liðu stundir tóku til við að fjölga kattakyninu og voru okkur krökkunum eilíf uppspretta forvitni, undrunar, skemmtunar og væntumþykju.

Síðan hafa árin liðið, kettir komið og farið og einhvernveginn æxlaðist það svo að hin síðari ár hafa engir gælukettir verið til, bara hálfvilltir fressar sem koma í mat en eru ekkert fyrir snertingu manna. Fyrir tveimur og hálfu ári sá ég að við svo búið varð ekki unað, með fjölgandi músum og afabörnum okkar Palla. Ég leitaði aftur í sama rann, fékk hjá Öldu í Syðri Gróf tvo kettlinga, fress og læðu, Grím og Pontu. Má segja að ég hafi síðan endurlifað hluta æskunnar við að fylgjast með uppvexti þeirra og uppátækjum. Ponta eignaðist síðan sjálf tvo fressa, Putta og Patta. Putti var frá upphafi líkur villikettinum sem var faðir hans, en Patti líktist mömmu sinni, mikið gæðablóð. Grímur, sem þá var fullvaxinn geltur heimilisköttur tók hann upp á sína arma og lék við hann, ól hann upp í kattasiðum, kenndi honum að veiða og svo framvegis. Þegar þeir sváfu þá sváfu þeir saman. Í kassanum sínum í fjósinu voru þeir svo samanhringaðir að engin leið var að sjá hvar einn endaði og annar byrjaði.

Þegar ég fór út í fjós á kvöldin sat Patti alltaf fyrir mér á bílastæðinu til að sjá hvað ég kæmi með í matinn handa köttunum. Ef ég var með hráan fisk í poka þá lét ég braka í plastinu í pokanum til að segja Patta hvað ég væri með. Þá reis hann upp á afturfæturna og labbaði á móti mér baðandi framfótunum út í loftið í einlægri gleði og tilhlökkun. Stundum tókst honum að ganga allt að tvo metra svona. Og sama hvað hafði dunið á mér yfir daginn þá tókst honum að draga fram bros og kvöldverkin urðu léttari fyrir vikið.

En alltaf skal leinast snákur í Paradís. Núna eitt kvöldið í vikunni eftir kvöldmjaltir sá ég Patta í síðasta sinn. Hann sat við hornið á hæsnakofanum að

vakta músaholu sem þar er. Var hann svo upptekinn að hann mátti ekkert vera að að tala við mig. Morguninn eftir mætti hann ekki í þurrfóðrið þegar ég kom út klukkan sjö og var það óvenjulegt. Í hádeginu tók ég eftir bíl sem stoppaði við skurðinn vestan við túnið tvö hundruð metra frá bænum. Maður kom upp úr skurðinum í vegkantinum með poka sem hann slengdi upp í bílinn og keyrði svo burtu. Það var ekki fyrr en um kvöldið þegar enginn Patti kom í kvöldmatinn að ég skildi samhengið. Þegar ég hafði hringt í ýmsar áttir að reyna að finna út hver hefði verið á bílnum, en án árangurs, fórum við Palli með vasaljós í rannsóknarferð. Og mikið rétt, í vegkantinum við ræsið var drápstólið. Kassi með gati á nógu stóru fyrir fullvaxinn kött, nógu stóru fyrir lítinn hund, nógu stóru fyrir handlegg á barni. Ég tók spýtu og stakk henni inn í gatið á kassanum. Eitthvað small og spýtan kubbaðist í sundur. Við nánari rannsókn sáuum við hvítu dúnhárin hans Patta klesst við járnklemmuna.

Og hvað tekur við? Reiði, sársauki, söknuður.

Grímur leitar að Patta út um allt. Hann rekur gömlu slóðirnar þeirra, hann hefur enga eirð í sér, stoppar stutt í fjósinu og urrar ef það leggur bíll við afleggjarann. Í gærkvöld þegar ég var að mjólka kom hann inn í fjós, hoppaði upp í kassann þeirra, þefaði, fór svo að róta með báðum framfótum í hálminum í horninu á kassanum rak svo nefið þar ofaní og þefaði og þefaði. Síðan lagðist hann með nefið þar sem hann hafði fundið lyktina af horfnum vini og félaga.

Sá sem heldur að dýr finni ekki fyrir sorg og söknuði er heimskur maður. Því miður virðist vera nóg til af þeim.

Lilja í Króki

Fjör í Flóa

Ákveðið hefur verið að halda Fjör í Flóa dagana 27.-29. maí. Þeir sem hafa áhuga á að vera með og ef einhverjir eru með hugmyndir að einhverju nýju sem hægt er að gera þessa daga, eru beðnir um að hafa samband við rekstrarstjórn.

Sigmar Örn Aðalsteinsson	6968653	sigmarorn@hotmail.com
Aðalheiður Sveinbjörnsdóttir	8999684	vatnsholt1@isl.is
Helgi Sigurðsson	8929872	trukkur@emax.is
Anný Ingimarsdóttir	8618368	anny@arborg.is
Ágúst Hjálmarsson	8469765	langsstadir@simnet.is

Eða húsverðina í hverju félagsheimili.

Keppir í Svíþjóð

Spretthlauparinn Haraldur Einarsson, sem æfir með UMF Selfoss, lagði land undir fót um helgina 29.-30. janúar til Svíþjóðar í keppnisferð. Hann keppti á Pallas Spelen sem er stórt innahús mót í Malmö í Svíþjóð. Þar kepptu rúmlega 1100 keppendur flestir frá Svíþjóð og Danmörku en auk Haraldar voru 3 Íslendingar að keppa þar. Halli keppti í 400m á laugardeginum og 200 á sunnudeginum. Af þeim sem voru með skráðan tíma í 400 á Pallas Spelen, átti Halli 5. besta tímann 50,47 sek. Þeim tíma náði hann þegar hann sigraði á Stórmóti ÍR sem er góð bæting frá fyrri tíma. Hann bætti HSK-met innanhúss en einnig er þetta besti árangur á Íslandi innanhúss veturinn 2010-2011. Haraldur er á mikilli uppleið og má búast við enn betri árangri og mörg mót eftir eins og Meistaramót Íslands og Bikarkeppni Frjálsíþróttasambandsins. Von er á úrslitum af mótinu í næstu Áveitu.

Þorrablot í Þjósárveri 2011



Okkar árlega þorrablot verður haldið í félagsheimilinu Þjósárveri laugardaginn 12. febrúar. Húsið opnar kl. 20:30 og borðhald hefst kl. 21:00. Eftir skemmtiatriði mun hljómsveitin Granít frá Vík halda uppi dúndrandi stuði og stemningu með gömlum dönsum í bland við framandi danssveiflur.

Miðaverð er óbreytt frá fyrra ári, 6000 kr. Miðapantanir eru hjá Ella og Önnu Fíu (898-8779/483-3570) og hjá Þórunni og Ingimundi (486-3342/862-1542). Panta þarf miða í síðasta lagi þriðjudaginn 8. febrúar. Minnum á að tilkynna forföll ef svo ber undir.

Forsala aðgöngumiða verður í Þjósárveri föstudaginn 11. febrúar kl. 16:00-18:00.

Flóa Taxi verður á svæðinu og tryggir að allir komist til síns heima að blóti loknu. Síminn hjá honum er 696-3800.



Nefndin

Folaldasýning Hrossaræktarfélags Villingaholtshrepps

Folaldasýning Hrossaræktarfélags Villingaholtshrepps verður haldin laugadaginn 5. feb. 2011 í Reiðhöll Sleipnismanna kl. 14.00.

Pátttökugjald 2000 kr fyrir hvert folald. Skráning í síma Þorsteinn Logi S: 867-4104 thorsteinn82@simnet.is eða Óðinn Örn S: 866-1230 foli72@gmail.com

HSK í 100 ár

Hin stórmerka bók *HSK í 100 ár* er til sölu hjá Fanneyju á Hurðarbaki og á skrifstofu HSK. Bókin er ríkulega myndskreytt og þykir afar merkileg heimild um starf ungmennafélaganna á Suðurlandi síðastliðin 100 ár.

Gripurinn fer vel í bókahillu en er einnig tilvalin tækifærisgjöf. Verð kr. 8500 kr.

Aðalfundur Fjarræktarfélags Villingaholtshrepps

Fimmtudaginn 10. febrúar verður haldinn aðalfundur í Fjarræktarfélagi Villingaholtshrepps.

Fundurinn verður haldinn á fjárhúsloftinu í Egilsstaðakoti kl 20:30
Dagskrá fundains eru venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórn

BOWEN

Verð með Bowenmeðferð heima í Vatnsholti 1 (bláa húsið) Flóahrepp á þriðjudögum og fimmtudögum í vetur.

Pantið tíma í síma 8999684/4863404

Aðalheiður Sveinbjörnsdóttir (DIDDA)

FRÁ KVENFÉLAGI HRAUNGERÐISHREPPS:

Herbergiskvöld

Viljum minna á herbergiskvöld í Þingborg 8. febrúar næstkomandi kl 20:00. Alltaf gaman að hittast og spjalla með þrjónana eða aðra handavinnu.

Stjórnin

AÐALFUNDUR KVENFÉLAGS HRAUNGERÐISHREPPS

Aðalfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps verður haldinn í Þingborg þriðjudagskvöldið 22.febrúar næstkomandi kl. 20:30. Nýir félagar hjartanlega velkomnir. Venjuleg aðalfundarstörf.

Kaffikonur: Elín, Guðrún, Helga Hermanns, Sigurbára, Rósa, Valdís og Þórunn.

Stjórnin.

Aðalfundur Félagsheimilanna í Flóahreppi

Aðalfundur Félagsheimilanna í Flóahreppi verður haldinn miðvikudaginn 9. febrúar kl. 20:30 í Þingborg. Hvetjum alla þá sem hafa áhuga á rekstri þeirra að mæta og koma með hugmyndir eða tillögur til rekstrarstjórnar.

söa

Jakkaföt til sölu

Einlit svört lítið notuð fermingarjakkaföt nr 46 til sölu. Þau voru keypt í Sautján í fyrra, en þar sem drengurinn óx en brókin ekki, verða þau seld fyrir lítið.

Upplýsingar hjá Ellu Veigu í síma 4863344 eða 616 2176.

Ungfolasýning Hrossaræktarféлага Flóahrepps

Ungfolasýning fyrir 2v og 3v fola verður haldin í reiðhöllinni í Syðri-Gegnishólum fimmtudagskvöldið 3. mars 2011 kl. 20:30. Dómari verður Gunnar Arnarsson.

Skráning í síma 898-2256 Atli Geir mail; atligeir@hive.is eða 899-5494

Ágúst Ingi mail: agustk@visir.is

Innanhúsmót Vöku 2011

Hið árlega innanhúsmót Umf. Vöku verður haldið þann 20 febrúar n.k. Að venju verður keppt í Hástökki, Þrístökki án atr. og Langstökki án atr. Hvetjum alla til að mæta og reyna bæta sig!

Íþróttanefndin.

**Tökum að okkur allar gerðir mannvirkja.
Nýsmíði, viðhald, breytingar.
Erum með traktors- og beltagröfu.**

Kríutangi ehf

Vorsabæ

Stefán Helgason Húsasmíðameistari

S:893-4933

Dagskrá mánaðarins

Æfing eldri	1. febrúar
Grunnskólamót HSK í glímu	2. febrúar
Folaldasýning Hrossaf. Fél. Villinghhr.	5. febrúar
Þorablót í Félagslundi	5. febrúar
Folaldasýning Hrossaræktarf. Hraung.	6. febrúar
Glímuæfing	7. febrúar
Æfing eldri	8. febrúar
Saumanámskeið	8. febrúar
Æfing yngri	9. febrúar
Aðalfundur félagsheimilanna	9. febrúar
Saumanámskeið	10. febrúar
Aðalfundur Fjarræktarf. Villingaholtshr.	10. febrúar
Þorablót í Þjórsárveri	12. febrúar
Glímuæfing	14. febrúar
Þrjónakvöld í Þjórsárveri	14. febrúar
Æfing eldri	15. febrúar
Saumanámskeið	15. febrúar
Æfing yngri	16. febrúar
Saumanámskeið	17. febrúar
Opið hús Kvf. Villingholtshr.	18. febrúar
Tillögum skilað til íþróttamanns Flóahr.	20. febrúar
Innanhússmót Umf. Vöku	20. febrúar
Glímuæfing	21. febrúar
Æfing eldri	22. febrúar
Æfing yngri	23. febrúar
Skjaldarglíma Skarphéðins	26. febrúar
Glímuæfing	28. febrúar
Ungfolasýning Hrossaræktarfélaganna	3. mars

